

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

I. HLUTI

Prófblað 1 af 2

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Viðfangsefni úr fjármunarétti (70%)
ATH. Prófið er tvískipt: Sjá sérstakt prófblað vegna, Félagaréttur (30%)

Prófdagur: 4. nóvember 2009 Kl.: 17:15-21:15

Úrlausnartími: 4 klst. Prófbloð: 3 (þ.m.t. forsíða)

Leyfileg hjálpargögn: Lög og reglugerðir Fylgiblöð:

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar, notaðu öll leyfileg hjálpargögn og farðu vandlega yfir úrlausnir þínar áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvísvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er hér átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs, í Reykjavík.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ALLAR LAUSAR PRÓFARKIR SKULU TRYGGILEGA AUÐKENNDAR MEÐ PRÓFNÚMERI ÞÍNU.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

1. Krossar (30,0%)

Takið afstöðu til eftirfarandi spurninga.

Athugið eftirfarandi:

- i. Að vægi hverrar spurningar er jafnt (2,5%).
- ii. Að dregið er frá 0,75% fyrir hvert rangt svar.
- iii. Ef þið takið ekki afstöðu til spurningar telst svarið hvorki rétt né rangt.
- iv. Aðeins annar tveggja svarmöguleika er réttur.
- v. Lesið spurningarnar vandlega yfir áður en svarað er.

1. A og B gera með sér samning um að skiptast á gjaldmiðlum á tilteknum degi í framtíðinni. Á gjalddaga samningsins telur A hann ósanngjarnan vegna „markaðsbrests“. Í samningnum var hins vegar ekki gerður neinn fyrirvari um að samningurinn væri óskuldbindandi ef svo væri ástatt. Er samningurinn þegar af þeirri ástæðu skuldbindandi fyrir A?

- Já
 Nei

2. A tekur svokallað gjaldeyrislán hjá B. A vill hins vegar losna undan greiðsluskyldu af ýmsum ástæðum, þ.m.t. vegna „algjörðs gengisfalls íslensku krónunnar“. B kveður slík sjónarmið hins vegar útilokuð þar sem A var ekki neytandi heldur lögaðili sem mátti jafnframt vera ljós sú áhætta að taka lán í erlendum gjaldmiðli. Geta slík sjónarmið mögulega haft þýðingu við mat á skuldbindingargildi samningsins?

- Já
 Nei

3. A hefur samband við B og býðst til að selja B tiltekna vöru. Aðilar skiptast á tölvuskeytum og B kveðst loks „ætla að láta slag standa“ sem A svarar með orðunum „gott mál“ án þess þó að aðilar hafi gengið formlega frá neinum skriflegum samningi. Getur bindandi samningur talist vera kominn á?

- Já
 Nei

4. A og B gera með sér ráðningarsamning þar sem B skuldbindur sig til að starfa ekki hjá samkeppnisaðila. Getur A talist eiga kröfuréttindi á hendur B á grundvelli slíks samkomulags?

- Já
 Nei

5. Skuldaraskipti, að því er innstæður varðar, fela ekki í sér frávik frá meginreglum kröfuréttar um að kröfuhafi þurfi að samþykkja skuldaraskipti?

- Já
 Nei

6. A á launakröfu á hendur B sem komin er á gjalddaga. B á kröfu á hendur A samkvæmt lánasamningi með gjalddaga 1. maí 2012. Getur B greitt kröfu A með að lýsa yfir skuldajöfnuði?

- Já
 Nei

7. A kaupir skuldabréf á sjálfan sig á hagstæðu verði með það í huga að endurselja bréfið með hagnaði. Geta verið annmarkar á slíku í kröfuréttarlegu tilliti?

- Já
 Nei

8. A á kröfu á hendur B. C greiðir kröfuna. Eignast C sjálfkrafa sömu kröfuréttindi (sömu kröfuna) á hendur B og A átti?

- Já
 Nei

9. A og B eiga kröfur á hendur hvor öðrum. A framselur sína kröfu á hendur B til C. Getur B þrátt fyrir það beint kröfu að A?

- Já
 Nei

10. A kaupir eign af B á yfirverði. Verulegur greiðsludráttur er af hálfu B, en þó útséð að unnt er að knýja B á um efndir in natura (í samræmi við aðalefni samnings). Ætti A hugsanlega þrátt fyrir það að rifta kaupunum (ganga frá samningnum)?

- Já
 Nei

11. A og B gera með sér samning um afleiðuviðskipti í gegnum síma. A sendir B síðan skriflega staðfestingu sem B á að undirrita. B lætur það hins vegar hjá líða. Verður þegar af þeirri ástæðu að telja að bindandi samningur geti ekki talist vera kominn á?

- Já
 Nei

12. A og B gera með sér samning. Verulegur greiðsludráttur er af hálfu B. Getur A krafist B um fullar efndir samhliða svokölluðum vangildisbótum?

- Já
 Nei

2. Raunhæft verkefni (20,0%)

SK tók myntkórfulán hjá KH í febrúar 2007. Höfuðstóll skuldarinnar hefur nær tvöfaldast síðan þá vegna óhagstæðrar gengisþróunar. SK er verulega ósáttur og telur á sér hallað. Fráleitt fái staðist að krefja hann um greiðslu. Hefur hann meðal annars hótad „greiðsluverkfalli“ vegna þessa.

SK veltir fyrir sér réttarstöðu sinni gagnvart KH út frá reglum fjármunaréttar, þ.m.t. hvort hann geti mögulega reitt sig á (i) ógildingarreglum samningaréttar, (ii) vanefndaúrræðum kröfuréttar og (iii) skaðabótareglum utan samninga.

Fjallið um hugsanlega réttarstöðu SK samkvæmt framangreindu.

3. Ritgerð (20,0%)

Svarið *annað hvort* A eða B.

- A)** Lýsið í stuttu máli helstu lokum kröfuréttinda.
B) Lýsið í stuttu máli helstu reglum um aðilaskipti að kröfuréttindum.